

Fundargerð 39. stjórnarfundar

Vatns- og fráveitufélags Íslands, VAFRÍ

Haldinn: Langholti, fundarherbergi 2. hæð VRÍI, HÍ.

Tími: 2. Febrúar 2017 kl. 15-16

Viðstaddir: Hrund Ó. Andradóttir (HÓA), Sigurjón Norberg Kjærnested (SNK) og Íris Þórarinsdóttir (ÍÞ).

Forföll: Arndís Ósk Ólafsdóttir (AÓÓ), María Jóna Gunnarsdóttir (MJG)

Dagskrá:

1. Fundargerð 38. stjórnarfundar
2. Örerindaröð VAFRÍ 2017
3. Hönnunarregnskúrir
4. Eftirfylgni málþing um örplast
5. Önnur mál

1. Fundargerð 38. stjórnarfundar

Liði frestað til næsta fundar.

2. Örerindaröð VAFRÍ 2017

Fyrsti hádegisfyrirlestur í örerindaröð VAFRÍ verður haldinn um miðjan febrúar. Viðfangsefnið eru sjálfbærar ofanvatnslausnir í anda Sveins Þórólfssonar. Dagskrá málþingsins var rædd. Hugmyndir að mánaðarlegum örfyrirlesturum voru ræddar, þám:

- Kynning á nýrri fráveitureglugerð (SNK, ÍÞ)
- Kynning Eflu og samstarfshóps umhverfisráðuneytisins um skólplausnir til verndar Mývatns
- Rannsóknir á hættum (ÍÞ) og viðbrögð við mengun á vatnsverndarsvæðum (SNK)
- Samstarf um vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu (AÓÓ)
- Fráveitu og vatnsveituframkvæmdir í Grímsnesi (örerindi eða vísindaferð).

3. Hönnunarregnskúrir

HOA kynnti niðurstöðu fundar sérfræðinga við Háskóla Íslands um framtíð hönnunarregnskúra (sjá minnisblað fundarins). Verkefnið felst í því að bæta þekkingu á hönnunarskúrum með rannsóknum og útbúa nýjar faglegar leiðbeiningar um hönnun á fráveitukerfum og gera þessa þekkingu aðgengilega á sérstakri vefsíðu, svipað og danska nefndin gerir (spildevandskommitteen). Verkefnið grundvallast á að það sé yfirlýstur og opinber áhugi og stuðningur frá hagsmunaaðilum verkefnisins (t.d. Veitur, VFÍ, Samorka, verkfræðistofur, sveitafélög, Landsvirkjun). Vænlegast væri að skipun nefndar **um hönnun vatnavirkja** (t.d. stíflur, ræsi og fráveitur) kæmi frá umhverfisráðuneytinu til að gefa málefninu rétt vægi. Nefndin hafi faglega umsjón með starfinu, skilgreinir verkefni og forgangsraðar. Nefndin stýrir jafnframt fjármögnun og stuðlar að samnýtingu þekkingar og innviða milli mismunandi stofnana og hagsmunaaðila. Mikilvægt sé að verkefnisstjóri í hlutavinnu vinni fyrir nefndina.

Stjórn VAFRÍ fól SNK að tala við fráveituráð Samorku, Verkfræðinga Félag Íslands og Landsvirkjun um að stofnun slíkrar nefndar.

4. Eftirfylgni málþings um örplast

Stjórn Samorku fundar fljótlega með umhverfisráðherra, og stefnir á að tala fyrir stofnun nefndar til þess að skoða heildstætt örplast á Íslandi. Ráðstefnurit um málþingið er í vinnslu.

5. Önnur mál

HÓA kynnti drög að dagskrá að málþingi um lifandi græn þök sem er í undirbúningi annað hvort 24. Febrúar eða 10 mars nk. Markmið málþingsins er að stuðla að farsælli hönnun og innleiðingu grænna þaka á Íslandi með því að saman þekkingu aðila í skipulags- og byggingaiðnaði sem og söluaðila, framleiðenda og verktaka í bygginga- og garðplöntuiðnaði á Íslandi. Samþykkt var að auglýsa viðburðinn meðal félagsmanna þegar endanleg dagskrá lægi fyrir.

Fundi var slitið kl. 16:00.

Fundarritari: Hrund Ólöf Andradóttir, hrund@hi.is